

Alþingi
Erindi nr. P 141/1702
komudagur 21.2.2013

21. febrúar 2013

Eftirfarandi er umsögn Öldu - félags um sjálfbærni og lýðræði vegna 204. máls á 141. löggjafarþingi, þingskjali 211. Félagið vísar einnig til fyrri umsagna vegna breytinga á sveitarstjórnarlögum (<http://alda.is/?p=414>).

Um 1. gr:

Alda hefur ekki tekið afstöðu til þess hversu margir eða með hvaða hætti ákvarða skal fjölda fulltrúa almennings. Félagið telur þó rétt að hugað sé vandlega að þessu atriði þar sem fjöldi fulltrúa gagnvart íbúum getur haft áhrif á möguleika til þess að sinna með fullnægjandi hætti hlutverki sem fulltrúi. Tengsl milli fulltrúa og íbúa kunna að veikjast ef íbúum per fulltrúa fjölgar. Þá má færa rök fyrir því að samfélagsgerðin sé um margt flóknari og því þurfi að fjalla nánar um fleiri málaflokka sem kalli aftur á fleiri fulltrúa.

Um 2. gr:

Alda tekur ekki afstöðu til þessa.

Um 3. gr:

Félagið tekur undir þessa grein. Séu mál færð í lýðræðisleg þátttökuférlí, s.s. íbúáþingi, þá er skynsamlegt og sanngjarnt að möguleiki sé á að máli sé framhaldið á borgarafundi þyki ástæða til.

Um 4. gr.:

Alda tekur heilshugar undir þessa grein og telur mikilvægt að hún verði samþykkt án tafar. Almennitur er valdhafinn í lýðræðisríki og fráleitt að ákvarðanir hans séu annað en bindandi.

Um 5. gr:

Félagið tekur undir þessa grein þar sem hlutfall þeirra sem þarf til að boða til atkvæðagreiðslu er lækkað undir 15% mörkin sem eru efri mörk þess að slíkar atkvæðagreiðslur séu virkar (<http://alda.is/?p=340>). Alda hefur ekki tekið afstöðu til þess formlega hvert hlutfallið eigi að vera til þess að boða til borgarafundar en telur rétt að íhugað sé nánar hvort það eigi að vera lægra en þurfi til þess að boða til atkvæðagreiðslna. Hætt er við að íbúar sjái litla ástæðu til að boða til borgarafundar ef jafn margar undirskriftir þarf til að boða til atkvæðagreiðslu, sem er bindandi og hefur því meira formlegt vægi.

Nánari upplýsingar um félagið og stefnu þess: www.alda.is

Fyrir hönd Öldu,
Björn Þorsteinsson og Kristinn Már Ársælsson
Stjórnarmenn í Öldu